

Fundargerð

Aðalfundur KGSÍ haldinn á Húsavík 28 maí 2011.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Reikningar KGSÍ 2010 lagðir fram til umræðu og samþykktar – Björn Sveinsson.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna KGSÍ og varamanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Guðmundur Rafn Sigurðsson frá Kirkjugarðaráði – Leiðbeiningar um grasumhirðu kirkju-garða.
8. Fróðleikur um Húsavík – Halldór Valdimarsson heimamaður segir frá.
9. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP – Heimir B. Janusarson miðlar af reynslu sinni.
10. Fréttir frá Vestmannaeyjum – Halldór Hallgrímsson kirkjugarðsvörður segir frá starfi sínu.
11. Smári Sigurðsson frá KGA – Fjögurra ára þjónustusamningur KGSÍ og Kirkjugarðaráðs kynntur.
12. Þórsteinn Ragnarsson frá KGRP - Fjármál kirkjugarða - Úttekt á samkomulagi við ríkið um fram lag til kirkjugarða - Breyting á greiðslufyrirkomulagi til presta vegna þjónustu við útfarir - Kirkjugarða-frumvarpið.
13. Önnur mál.

Fundargestir:

- | | |
|------------------------------|-------------------------|
| 1. Katrín Birna Viðarsdóttir | Ásólfsskálakirkjugarður |
| 2. Ásdís Þórðardóttir | Djúpavogskirkjugarður |
| 3. Steinunn Jónsdóttir | Djúpavogskirkjugarður |
| 4. Sigurbjörn Árnason | Garðakirkjugarður |
| 5. Jón Halldórsson | Ísafjarðarsókn |
| 6. Arnfinnur R Einarsson | KGRP |
| 7. Bjarni Kr Grímsson | KGRP |
| 8. Björn Sveinsson | KGRP |
| 9. Gísli Jónasson | KGRP |
| 10. Heimir B. Janusarson | KGRP |
| 11. Helga Halldórsdóttir | KGRP |

12. Helga Oddsdóttir	KGRP
13. Jóhannes Pálmason	KGRP
14. Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
15. Kristján K Linnet	KGRP
16. Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
17. Emelía G Svavarsdóttir	KGRP
18. Sigurjón Jónasson	KGRP
19. Kristján Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
20. Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
21. Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
22. Benedikt Ólafsson	Kirkjugarðar Akureyrar
23. Gestur Jónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
24. Ólafur Larsen	Kirkjugarðar Akureyrar
25. Stefán Gunnarsson	Kirkjugarðar Akureyrar
26. Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráði
27. Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
28. Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
29. Þorsteinn Eypórsson	Kirkjugarður Borgarness
30. Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
31. Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
32. Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
33. Hermann Jónasson	Kirkjugarður Siglufjarðar
34. Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráði
35. Hreiðar Örn Stefánsson	Kirkjug. Lágafellssóknar
36. Ólafur Þ Guðmundsson	Njarðvíkurkirkjugarður
37. Gunnþór Gíslason	Selfosskirkjugarður
38. Ómar Halldórsson	Stórolfshvolskirkjugarður
39. Gísli Þ. Pétursson	Egilsstaðakirkjugarður
40. Anna Ólafsdóttir	Fáskrúðsfj.- og Stafafellskirkjugarður
41. Albert Eymundsson	Hafnar - og Stafafellskirkjugarður
42. Jón Stefán Friðriksson	Hafnar – og Stafafellskirkjugarður
43. Svandís Ingólfssdóttir	Heydalakirkjugarður
44. Unnur Björgvinsdóttir	Heydalakirkjugarður
45. Halldór Leví Björnsson	Kirkjugarðar Keflavíkur
46. Jón Birgisson Olsen	Kirkjugarðar Keflavíkur
47. Halldór Hallgrímsson	Kirkjugarðar Vestmannaeyja
48. Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
49. Bergljót Sigurðardóttir	Útfararstofa KGA
50. Þórhalla Halldórsdóttir	Útfararstofa KGA
51. Arnór L. Pálsson	Útfararstofa KGRP
52. Vilhjálmur Siggeirsson	Útfararstofa KGRP
53. Pétur Skarphéðinsson	Húsavíkurkirkjugarður
54. Sighvatur Karlsson	Húsavíkurkirkja
55. Halldór Valdimarsson	Húsavík
56. Hermann Larsen	--
57. Hafliði Jósteinsson	--

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ setur fundinn og biður fundarmenn velkomna. Lagt er til að Jóhannes Pálmason frá KGRP verði fundarstjóri og Stefán Gunnarsson frá KGA fundarritari. Mótmælum er ekki hreyft og afhendir Þórsteinn Jóhannesi fundinn.

Fundarstjóri kannar lögmati fundarins og gengið er til dagskrár.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarson formaður flytur skýrslu stjórnar, sem áður hafði verið dreift til fundarmanna. Fram kemur í lið 3 að illa hefur gengið að fá fram breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og lík-brennslu, sem legið hefur óhreyft í ráðuneytinu undanfarin ár. Innanríkisráherra hefur heitið því að frumvarpið verði lagt fram á haustþingi 2011. Tillaga fyrir aðalfund um að skora á alþingismenn að afgreiða frumvarpið verður lögð fram.

2. Reikningar KGSÍ lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Björn Sveinsson frá KGRP fer yfir ársreikninga KGSÍ og útskýrir einstaka liði.

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Fram kemur fyrirspurn um sérfræðikostnað vegna gardur.is. Þórsteinn svara því til að þarna sé um að ræða aðstöðugjald til KGRP vegna vinnu tölvumanns og einnig reikningur frá KGA vegna skráningar o.fl.

Einnig urðu umræður um þá ætlun stjórnar KGSÍ að útbúa bókhaldskerfi á www.gardur.is og bjóða minni og meðalstórum kirkjugörðum að nýta sér það. Vísir að slíku kerfi er þegar kominn upp á www.gardur.is og var það tekið í notkun seint á árinu 2009 undir heitinu „ársyfirlit“.

Rætt um sameiningu kirkjugarðastjórna. Erfiðlega hefur gengið að vinna þessu máli framgang þó svo að sýnt þyki að þar sem slíkar sameiningar hafa verið gerðar sé það til aukins hagræðis og skilvirkni. Rætt var um hvort sameina ætti eftir prestaköllum fyrst í stað og hugsanlega síðar eftir prófastdæmum og fram kom að verið er að leita að hagkvæmni og því allir möguleikar opnir og ekki nauðsyn að sameina eftir sömu forsendum allstaðar á landinu heldur gætu lega og landfræðilegir þættir einnig spilað inn í. Stjórnarmönnum KGSÍ þykir ljóst að vinna þurfi málið innan ráðuneytis ef árangurs skal vænta.

Bjarni Grímsson frá KGRP sagði frá því að lítið hefði verið rætt um þetta mál á síðasta kirkjuþingi. Smári Sigurðsson frá KGA sagði að þar sem sameiningar hefðu verið gerðar í Eyjafirði og í Dalvíkurbyggð hefðu þær gengið hnökralaust og verði til mikilla bóta. Ábending kom frá sr. Gísla Jónassyni um að hentugra væri að miða við starfssvæði þjóðkirkjunnar, þegar þau tækju gildi, en prófasts-

dæmi og tók Þórsteinn undir það. Ekki voru eiginlegar niðurstöður af umræðunni og vinnur stjórn KGSÍ áfram að málinu.

Fleiri fyrirspurnir komu ekki fram og bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og reikninga til atkvæða.

Var hvoru tveggja einróma samþykkt.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarson gaf kost á sér áfram og voru engin mótframboð. Er hann því réttkjörinn.

5 Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna

Sitjandi stjórnarmenn, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson gáfu kost á sér áfram. Engin mótframboð bárust og eru þeir réttkjörnir.

Sama er um varamenn. Indriði Valdimarsson og Katrín Birna Viðarsdóttir gáfu kost á sér án mótframboða og eru þau réttkjörin.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.

Ólafur Guðmundsson og Magnús Sigurðsson gefa kost á sér áfram. Engin mótframboð bárust og eru þeir réttkjörnir.

Var formanni, stjórnarmönnum og öðrum kjörnum fulltrúum óskað velfarnaðar í starfi.

7. Guðmundur Rafn Sigurðsson stjórnarmaður KGSÍ kynnir leiðbeiningarit um grasumhirðu kirkjugarða, sem kirkjugarðaráð hefur látið vinna í samvinnu við VSÓ ráðgjöf.

Umræður spunnust um það að umhirða við leiði getur verið snúin vegna þess að oft hafa aðstandendur miklar skoðanir á því hvernig umhirðu skal háttað og vilja jafnvel í sumum tilfellum annast hana sjálfir. Heimir Janusarson bendir á að innan KGSÍ séu starfandi bæði fagmenn og fólk með mikla reynslu og því mikill brunnur að sækja í þegar umhirðumál eru annars vegar.

Guðmundur Rafn bendir á að rit þetta sé lagt fram til kynningar og endurskoðunar.

8. Fróðleikur um Húsavík.

Erindi Halldórs Valdimarssonar fyrrverandi skólastjóra um sögu Húsavíkur, menn og málefni. Sérdeilis skemmtilegt og fróðlegt erindi. Fram kom í umræðum að

erindi sem þessi mættu vera á dagskrá aðalfundar sem síðasti liður fyrir mat, þannig að mökum gæfist kostur á að njóta þeirra þar sem þau eru mikil tenging við það bygðarlag sem er gestgjafi fundarins hverju sinni.

9. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP.

Heimir Janusarson talar um „kirkjugarðahúmor“ og nauðsyn þess að nota húmor til að brynja sig fyrir tilfinningalega erfiðum verkefnum. Skemmtileg nálgun Heimis á því hvernig vinnustaðahúmor hjálpar til við að halda uppi góðum starfsanda og þar með afköstum og skilvirkni.

10. Fréttir frá Vestmannaeyjum.

Halldór Hallgrímsson flutti fróðlegt og skemmtilegt erindi um starfsemi í kirkjugarðinum í Vestmannaeyjum ásamt skemmtilegri myndasýningu.

11. Smári Sigurðsson frá KGA – Þjónustusamningur KGSÍ og kirkjugarðaráðs.

Smári segir frá fjögurra ára þjónustusamningi KGSÍ og kirkjugarðaráðs þar sem kveðið er á um hlutverk sambandsins gagnvart stjórnslu og almenningi. Einnig um félagsstarf og útgáfu og kynningarstarf. Þar er Bautasteinn, fagrit KGSÍ hornsteinn ásamt útgáfu á fréttariti og námskeiðahaldi. Einnig er í samningi þessum kveðið á um rekstur á gardur.is.

Matarhlé

12. Fjármál kirkjugarða o.fl. - Þórsteinn Ragnarsson.

Þórsteinn fór yfir stöðu fjármála kirkjugarða frá hrúni og benti á að tekjurýrnunin væri meiri ef ekki hefði komið til samningur við ríkið sem tók gildi í ársbyrjun 2005. Þórsteinn fór síðan yfir þróun einingarverðs frá 2009 til 2011 og sagði síðan frá skýrslu sem KGSÍ fékk sérfræðing frá Capacent til að vinna og sýnir skýrslan fram á það að útreikningar fjármálaráðuneytis á framlagi ríkisins til kirkjugarða endurspeglar ekki samninginn sem gerður var heldur sé útkoman rýrari en hún ætti að vera ef farið væri eftir samkomulaginu. Þessi munur er umtalsverður og er skýrslan nú í athugun hjá fjármálaráðuneytinu. Skýrslan verður innan tíðar sett inn á slóð í tengslum við www.gardur.is. Síðan sagði Þórsteinn frá því að til standi að fá óháðan aðila til að fara yfir innra greiðsludreifingarlíkan KGSÍ og meta hvort þar sé þörf á leiðréttingu milli flokka.

Nokkur umræða varð um fjármál kirkjugarða og fram kom hjá mörgum fulltrúum að kirkjugarðar hefðu ekki lengur fjármagn til að greiða fyrir grafartöku og þjónustu presta. Rætt var um að senda ríkisstjórninni samþykkt fundarins um að

framlag ríkisins verði fært upp í samræmi við samninginn sem gerður var árið 2005 en niðurstaðan var sú að hvetja stjórn KGSÍ að upplýsa ráðamenn um þennan vanda kirkjugarða.

Síðan fór Þórsteinn yfir fyrirhugaðar breytingar á greiðslufyrirkomulagi til presta sem felst í því að KGSÍ greiði prestum beint fyrir þjónustu en ekki kirkjugarðarnir eins og verið hefur. Tillaga um breytingar liggur fyrir fundinum. Breytingar þessar miða að því að fá betri skil á jarðsetningarskýrslum og að greiðslur berist með ábyrgari hætti.

Að síðustu kom Þórsteinn inn á seinagang í afgreiðslu laga um kirkjugarða sem nú hefur legið fyrir hjá ráðuneytinu síðastliðin sex ár.

Tillögur frá stjórn KGSÍ bornar undir fundinn:

1) *Aðalfundur KGSÍ, haldinn á Húsavík laugardaginn 28. maí 2011, samþykkir að greiðslufyrirkomulag til presta og/eða annarra þeirra sem sjá um útfarir verði á þann hátt að greiðslur fyrir þjónustu við útfarir verði greiddar beint frá KGSÍ, enda komi þær greiðslur fram á ársyfirliti hvers kirkjugarðs og skilagreinar verði sendar viðkomandi prestum og skattayfirvöldum.*

Tillagan var samþykkt einróma

2) *Aðalfundur KGSÍ, haldinn á Húsavík laugardaginn 28. maí 2011, skorar á alþingismenn að afgreiða á haustþingi 2011 fyrirbyggjandi frumvarp um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 frá 1993 og samþykkir tillögu stjórnar KGSÍ, sem samþykkt var á fundi hennar þann 27 maí síðastliðinn, um að kirkjugörðum og heilbrigðisstofnunum verði falin umsjá líkhúsa.*

Tillagan var samþykkt einróma

13. Önnur mál.

Smári Sigurðsson KGA talaði um flutning á látnum vegna bálfara. Vísaði hann í umræður á aðalfundinum í Hafnarfirði 2010. Stjórn KGSÍ hefur ekki komist að niðurstöðu í því hvernig standa skuli að niðurgreiðslu á flutningskostnaði vegna bálfara. Lagði hann fyrir fundinn eftirfarandi áskorun:

Aðalfundur KGSÍ, haldinn á Húsavík laugardaginn 28. maí 2011 skorar á framkvæmdastjórn KGRP að leita leiða til að greiða niður flutning af landsbyggðinni vegna bálfara úr fjárhagsramma Bálstofu.

Tillagan var samþykkt einróma.

Heimir Janusarson frá KGRP og Stefán Gunnarsson frá KGA lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur KGSÍ, haldinn á Húsavík laugardaginn 28. maí 2011 vísar því til stjórnar KGSÍ að haldið verði málþing um hirðingu og viðhald kirkjugarða í tengslum við aðalfund KGSÍ 2012.

Tillagan var samþykkt einróma.

Áréttuð var fyrirspurn um það hvort stjórn KGSÍ muni áfram vinna að sameiningu kirkjugarðsstjórna. Þórsteinn sagði að áfram yrði unnið að því, væntanlega í samvinnu við Hermann Sæmundsson skrifstofustjóra í innanríkisráðuneyti en hann tók við af Hjalta Zóphóníassyni, skrifstofustjóra, um síðust áramót.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og afhenti fundarstjóri nýkjörnum formanni fundinn. Þórsteinn þakkaði, fyrir sína hönd og annarra kjörinna fulltrúa, traustið, óskaði fundarmönnum velfarnaðar og sleit fundi.

Akureyri 30. maí 2011

Stefán Gunnarsson,
KGA.